

Nr. 009 / 14 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556
Fánaríki: Antigua & Barbuda
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. janúar 2014 var Selfoss við bryggju í Reykjavík.

Skipverjar höfðu verið að hífa varahluti fyrir vélarúm niður um lúgu (brunninn) fyrir framan forkant og voru að loka henni með lausum lúguhlara en við það var notaður þilfarskrani. Tveir skipverjar voru að stjórna lúguhleranum þegar annar þeirra klemmdi löngutöng hægri handar á milli hans og lúgufalsins.

Slasaði var sendur á sjúkrahús en hann var m.a. fingurbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði ætlaði snúa hleranum en hinn tók í hann þannig að „svingur“ kom á hann og fingurinn varð á milli;
- að stjórnun kranans var um talstöð, milli kranamanns og slasaða. Einnig hafði kranamaður nokkuð góða yfirsýn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.